

**Markmið:**

- Nemendur kynnist frumhugtökum Evklíðskrar rúmfræði.
- Nemendur þekki hornasummu þríhyrninga og geti nýtt við lausn viðfangsefna.
- Nemendur læri að notfæra sér reglur um hringi.
- Nemendur læri reglu Pýþagorasar og reglur um einslaga þríhyrninga.
- Nemendur þjálfist í flatarmáls- og rúmmálsreikningum.
- Nemendur kynnist skilgreiningum á hornaföllum ( $\cos$ ,  $\sin$  og  $\tan$ ).

Stefnt er að því að upplýsingatækni nýtist við vinnu í áfanganum.

**Kennslubækur og önnur kennslugögn:**

- Stæ 103 eftir Jón Þorvarðarson.
- Ljósritað ítarefni frá kennurum.
- Vasareiknir (scientific), reglustika og blýantar.
- Stærðfræði vefurinn [rasmus.is](http://rasmus.is) getur verið gagnlegur nemendum.

**Námsmat, verkefnaskil og próf:**

Námsmat byggir á:

- Árangri 4 lotuprófa (10. sept, 8. okt, 10. nóv og 1. des).
- Verkefni frá kennara.
- Árangri á skriflegu lokaprófi (vægi 60% af lokaeinkunn).

Lotupróf og verkefni vega 40% af lokaeinkunn. Annareinkunn getur ekki hækkað lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi. Nái nemandi meðaleinkunn 6,0 eða hærra í öllum lotuprófunum (má fá minna í einu prófi) sem tekin hafa verið á tilsettum tíma og skilað verkefnum tímanlega, fengið meðaleinkunn 6,0 eða hærra í þeim og einnig mætt vel í kennslustundir, sýnt virkni í námi þá er möguleiki fyrir hann að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn.

Fjarvera úr kennslustund lengur en 10 mínútur jafngildir F í viðveruskrá.

### **Áætlun um yfirferð áfangans:**

Námsefni áfangans er á bls. 145 – 256.

34.vika	7. Kafli. Um horn
35.– 39. vika	8. Kafli. Þríhyrningar.
40. - 41. vika	9. Kafli. Hringir.
42. – 44. vika	10. Kafli. Flatarmál.
45. – 47. vika	11. Kafli . Rúmmál/yfirborð.
48. – 49. vika	12. Kafli. Hornaföll.

Einnig er gert ráð fyrir yfirferð og upprifjun fyrir lokapróf eftir því sem tími vinnst til.

**Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.**

### **Athugasemdir:**

Nemandi skal ávallt mæta í kennslustundir með þau gögn og verkfæri sem til er ætlast. Ef út af þessu bregður getur kennari skráð **F** á viðkomandi nemanda.

Notkun farsíma í kennslustundum og prófum er með öllu óheimil.

**F.Su. 19. ágúst 2015.**

**Með ósk um góðan árangur og gott samstarf.**

**Kennarar: Friðrik (FBÞ), Jón Sigursteinn (JSG) og Eyvindur (EY).**